

Reglur um úthlutun styrkja fræðslu- og frístundanefndar

1. Auglýst er eftir umsóknum um styrki í nóvember og er styrkjum úthlutað í febrúar ár hvert.
2. Umsóknir skulu berast í gegnum íbúagátt sveitarfélagsins <https://innskraning.island.is/?id=ibuagatt.hornafjordur.is>.
3. Styrkir eru veittir til einstaklinga, félaga og samtaka er vinna að verkefnum sem falla undir fagsvið fræðslu- og frístundanefndar.
4. Styrkir eru veittir til ákveðinna skilgreindra verkefna.
5. Styrki vegna einstakra viðburða eða verkefna skal ekki greiða út fyrr en að þeim loknum eða að fullu er fyrirséð að af þeim verði. Styrkupp hæð vegna einstakra verkefna skal ekki fara umfram kostnað sem að af þeim hlýst.
6. Fræðslu- og frístundanefnd getur kallað ábyrgðarmann umsóknar á sinn fund og farið fram á nánari upplýsingar ef þurfa þykir. Einnig getur fræðslu- og frístundanefnd falið fræðslustjóra að afla frekari upplýsinga varðandi umsóknir.

Samþykkt á fundi fræðslu- og tómsundarnefndar 21. desember 2016

Samþykkt í bæjarstjórn 12. janúar 2017

Björn Ingi Jónsson
bæjarstjóri
Sveitarfélagsins Hornafjarðar

Orðalag lagfært í samræmi við breytt heiti nefndar í nóvember 2023 auk þess sem slóð inn á íbúagátt var bætt við reglurnar